

Síldarvinnslan hf.

Ársreikningur samstæðu

2006

Síldarvinnslan hf.
Hafnarbraut 6
740 Fjarðarbyggð
kt. 570269-7479

Síldarvinnslan hf.

Ársreikningur samstæðu

2006

Efnisyfirlit

Áritun endurskoðenda	3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6-7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-22

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Síldarvinnslunni hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Síldarvinnslunnar hf fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2006, efnahag þess 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, xx. mars 2007.

Deloitte hf.

Guðmundur Kjartansson
endurskoðandi

Pall Grétar Steingrímsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Síldarvinnslan hf. er í dag með öflugustu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og byggir starfsemin á yfir 40 ára reynslu í fiskvinnslu og útgerð. Fyrirtækið er eitt það stærsta á Íslandi í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski og stærsti framleiðandi á fiskimjöli og lýsi á Íslandi.

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins sem samanstendur af móðurfélaginu Síldarvinnslunni hf. og dótturfélögum þess, Garðari Guðmundssyni hf., Fóðurverksmiðjunni Laxá hf., Eignarhaldsfélagi Austurlands hf., SR mjöl hf. og Seley ehf.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur samstæðunnar 9.123 milljónir króna á árinu 2006 en voru 7.269 milljónir króna árið á undan og er hækkunin á milli ára um 25,5%. Að meðtöldum innlögðum eignafla var heildarvelta félagsins 10.909 milljónir króna. Hagnaður af rekstrinum nam 41 milljónir króna á árinu 2006 á móti 413 milljónir króna árið á undan.

Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 17.596 milljónir króna í lok ársins 2006, skuldir 12.781 milljónir króna. Eigið fé í lok ársins nam 4.641 milljónir króna og hlutdeild minnihlut í eigin fé samstæðunar var 174 milljónir króna. Eiginfjárlutfall samstæðunnar var 26,37%. Í ársreikningnum eru upplýsingar um mat á helstu eignum samstæðunnar.

Í lok ársins voru hluthafar í félaginu 313 en voru 317 í upphafi árs. Fjórir hluthafar eiga meira en 10% hlutafjárins en þeir eru Samherji hf. með 34,79%, Gjögur hf. með 34,23%, Snæfugl ehf. 12,94% og Samvinnufélag útgerðarmanna með 10,97%.

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 30% arður til hluthafa á árinu 2007, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Síldarvinnslunnar hf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar hf. staðfesta hér með samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Neskaupstað, xx. mars 2007

Í stjórn

Þorsteinn Már Baldvinsson
stjórnarformaður

Freysteinn Bjarnason

Ingi Jóhann Guðmundsson

Framkvæmdastjóri

Aðalsteinn Helgason

Rekstrarreikningur ársins 2006

Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
	2006	2005	2006	2005
Rekstrartekjur	9.123.364	7.268.970	8.481.392	6.445.900
Kostnaðarverð sölu	(7.525.907)	(6.073.682)	(6.935.020)	(5.351.305)
Vergur hagnaður	1.597.458	1.195.288	1.546.372	1.094.595
Aðrar tekjur	186.446	598.012	168.947	269.713
Útflutningskostnaður	(502.291)	(602.523)	(502.291)	(602.523)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(202.641)	(229.124)	(155.011)	(183.806)
Annar rekstrarkostnaður	(114.364)	(146.514)	(96.993)	(90.338)
Rekstrarhagnaður	964.608	815.138	961.025	487.641
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	(143.045)	(116.516)	(170.465)	133.465
Hlutdeild minnihluta í afkomu	(3.791)	(39.492)		
Fjármunatekjur 5	350.092	311.445	327.746	287.659
Fjármagnsgjöld 6	(1.109.871)	(406.524)	(1.056.569)	(409.769)
Hagnaður fyrir skatta	57.993	564.051	61.737	498.995
Tekjuskattur 7	(16.683)	(150.770)	(20.427)	(85.714)
Hagnaður ársins	41.310	413.280	41.310	413.280
Hagnaður á hlut				
Hagnaður á útistandandi hlut	0,02	0,24		

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		31.12.2006	31.12.2005	31.12.2006	31.12.2005
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstrarfjármunir	9	7.302.839	8.240.823	6.764.876	7.417.715
Óefnislegar eignir	10	3.208.869	2.893.912	2.198.681	2.048.905
Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum .	11	744.770	1.163.084	2.492.836	2.574.743
Eignarhlutar í öðrum félögum	12	82.386	85.136	81.586	81.336
Skuldabréfaeign	13	182.938	170.452	182.938	170.452
		<u>11.521.803</u>	<u>12.553.407</u>	<u>11.720.916</u>	<u>12.293.151</u>
Veltufjármunir					
Vörubirgðir	14	1.969.836	823.181	1.784.096	486.220
Viðskiptakröfur	15	2.167.095	1.317.270	2.075.089	1.180.013
Aðrar skammtímakröfur	15	577.344	198.150	312.949	163.035
Handbært fé	15	1.360.183	731.204	1.121.266	632.198
		<u>6.074.458</u>	<u>3.069.806</u>	<u>5.293.401</u>	<u>2.461.466</u>
Eignir		<u><u>17.596.260</u></u>	<u><u>15.623.213</u></u>	<u><u>17.014.316</u></u>	<u><u>14.754.617</u></u>

31. desember 2006

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		31.12.2006	31.12.2005	31.12.2006	31.12.2005
Eigið fé	16				
Hlutfé		1.686.668	1.687.637	1.686.668	1.687.637
Yfirverðsreikningur hlutafjár		1.243.170	1.246.318	1.243.170	1.246.318
Lögbundinn varasjóður		425.000	425.000	425.000	425.000
Óráðstafað eigið fé		1.285.791	1.724.743	1.285.791	1.724.743
Eigið fé meirihlutaeigenda		4.640.630	5.083.698	4.640.630	5.083.698
Hlutdeild minnihluta		174.424	379.863	0	0
Eigið fé		4.815.054	5.463.561	4.640.630	5.083.698
Langtímaskuldir og skuldbindingar					
Skuldir við lánastofnanir	17	6.944.620	6.472.628	6.881.783	6.405.587
Fjármálagerningar	18	253.039	603.570	253.039	603.570
Lífeyrisskuldbinding	19	0	252.200	0	252.200
Tekjuskattsskuldbinding	20	529.714	525.491	484.178	463.751
		7.727.373	7.853.889	7.619.000	7.725.108
Skammtímaskuldir					
Viðskiptaskuldir	21	807.226	547.558	754.076	389.115
Skuldir við lánastofnanir		2.966.269	665.809	2.791.677	509.532
Næsta árs afborganir langtímaskulda	21	800.297	678.755	782.343	663.857
Ógreiddir reiknaðir skattar	7	2.519	0	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	21	477.522	413.642	426.590	383.306
		5.053.833	2.305.763	4.754.687	1.945.810
Skuldir		12.781.206	10.159.652	12.373.686	9.670.919
Eigið fé og skuldir		17.596.260	15.623.213	17.014.316	14.754.617

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2006

Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
	2006	2005	2006	2005
Rekstrarhreyfingar				
Rekstrarhagnaður	964.608	815.138	961.025	487.641
Bakfærðir reiknaðir rekstrarliðir	746.400	501.711	705.990	775.444
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda	(1.246.289)	99.269	(1.378.370)	299.821
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	464.720	1.416.119	288.644	1.562.906
Innborgaðir vextir	63.981	101.294	44.884	77.728
Greiddir vextir	(436.723)	(419.581)	(414.634)	(386.468)
Greiddir skattar	(9.926)	(33.754)	0	(17.493)
Handbært fé frá rekstri	82.051	1.064.077	(81.106)	1.236.674
Fjárfestingahreyfingar				
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	(485.451)	(1.173.946)	(480.690)	(1.162.947)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir	30.565	68.254	25.565	68.254
Seldar óefnislegar eignir	0	437.599	0	0
Ný skuldabréf	(7.000)	(20.000)	(7.000)	(20.000)
Afborganir skuldabréfa	12.018	7.405	12.018	7.405
Keypt hlutabréf	(370.250)	(111.882)	(370.250)	(109.452)
Seld hlutabréf	320.365	642.975	314.500	642.975
Arður frá hlutdeildarfélögum	10.297	11.411	10.297	11.411
	(489.456)	(138.183)	(495.561)	(562.353)
Fjármögnunarhreyfingar				
Nýjar langtímaskuldir	0	50.000	0	0
Afborganir langtímaskulda	(723.894)	(1.078.528)	(706.142)	(703.402)
Greiddur arður	(518.358)	(518.568)	(506.151)	(507.048)
Viðskipti með eigin bréf	(5.290)	(16.134)	(4.117)	(16.118)
Hækkun á skammtímaskuldum við lánast.	2.283.927	(882.406)	2.282.145	(944.061)
	1.036.384	(2.445.636)	1.065.735	(2.170.627)
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	628.979	(1.519.741)	489.069	(1.496.307)
Handbært fé í upphafi árs	731.204	2.250.945	632.198	2.128.504
Handbært fé í lok árs	1.360.183	731.204	1.121.266	632.198
Aðrar upplýsingar				
Hagnaður ársins	41.310	413.280	41.310	413.280
Rekstrarliðir sem ekki hreyfa hreint veltufé	1.852.729	712.288	1.810.974	661.602
Hreint veltufé frá rekstri	1.894.038	1.125.568	1.852.284	1.074.882
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda	(1.811.987)	(61.491)	(1.933.390)	161.791
Handbært fé frá rekstri	82.051	1.064.077	(81.106)	1.236.674

Skýringar

1. Starfsemi

Síldarvinnslan hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Síldarvinnslan hf. er í dag með öflugustu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og byggir starfsemin á yfir 40 ára reynslu í fiskvinnslu og útgerð. Fyrirtækið er eitt það stærsta á Íslandi í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski og stærsti framleiðandi á fiskimjöli og lýsi á Íslandi.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningur Síldarvinnslunnar fyrir árið 2006 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Samstæðuársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Samstæðuársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum samstæðunnar.

Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreikninga félaga sem eru undir stjórn þess á reikningsskiladegi. Ráðandi yfirstjórn í fyrirtækjunum fæst með því að móðurfélagið hefur vald til þess að ákveða fjármála- og rekstrarstefnu þeirra, í því skyni að hafa hag af rekstri þeirra. Ef ársreikningar dótturfélaga hafa óveruleg áhrif á samstæðunna er þeim haldið fyrir utan samstæðuna.

Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu og í því tilvikum sem eignarhald í dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu.

Við kaup á dótturfélögum eru eignir og skuldir þeirra metnar til gangverðs á kaupdegi. Sé kaupverð herra en hrein eign eftir slíkt mat er mismunurinn færður sem viðskiptavild. Rekstrarniðurstaða keypra eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá og með kaupdegi eða fram að söludegi eftir því sem við á.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem móðurfélagið er í aðstöðu til að hafa áhrif á stjórnun þeirra með því að taka þátt í ákvörðunartöku um fjármála- og rekstrarstefnu. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild í afkomu og eiginfjárstöðu hlutdeildarfélaga.

Áhættustjórnun

Almenn stefna félagsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu.

Samstæðan er með framvirka gjaldmiðla- og valréttarsamninga í þeim tilgangi að takmarka gengisáhættu en þeir fela í sér skuldbindingar um gjaldeyrisviðskipti á föstu gengi. Einnig er samstæðan með vaxtaskiptasamninga. Breytingar á gangvirði afleiðusamninga eru færðar í rekstrarreikning.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar og eignarréttur hefur færst yfir til kaupanda. Vörusalan er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttu.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagur af eignarréttindum sé framseldur leigukaupa. Eignir samkvæmt fjármögnunar- og kaupleigusamningum eru færðar meðal varanlegra rekstrarfjámunna og afskrifaðar á lífúma þeirra. Skuldbinding við leigusala er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningstímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 18%.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn samstæðunnar er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjámunna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjámunna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn fjármögnunarleigusamningum eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur á milli söliverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söludegi.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Óefnislegar eignir samstanda af keyptum fiskveiðiheimildum.

Eignir þessar voru afskrifaðar árlega til ársloka 2004 en í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur er hætt að afskrifa fiskveiðiheimildir á línulegan hátt. Eftirleidis verður stuðst við virðisrýrnunarpróf á þessar eignir og þær færðar niður ef þær rýrna að verðmæti.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Virðisrýrnun

Á hverjum reikningsskiladegi er farið yfir bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna til þess að komast að raun um hvort að eignir þessar hafi orðið fyrir virðisrýrnun. Komi fram slík vísbending er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnun er sé um slíkt að ræða. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur samstæðan endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaþrósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta.

Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef tap vegna virðisrýrnunar snýst síðar við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, en þó ekki í hærra verð en það sem hefði verið ef virðisrýrnun hefði aldrei verið færð.

Birgðir

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru eignfærðar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða dagverði hvort sem lægra reynist að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Framleiðslukostnaður inniheldur hráefni, launakostnað og óbeinan kostnað vegna framleiðslunnar. Dagverð samsvarar áætluðu söluverði að frádregnum kostnaði við sölu og dreifingu.

Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem ætlun er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem þær falla til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Matsbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning meðal eigin fjár á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti þá eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreykingur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skýringar

2. Reikningskilaaðferðir (framhald)

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að samstæðan verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

3. Starfspáttayfirlit

Starfspáttayfirlit er birt eftir rekstrarsviðum eftir eðli rekstrarins og byggir á skipulagi og innri upplýsingargjöf samstæðunnar:

	Útgerð	Vinnsla	Jöfnunar- færslur	Samtals
Rekstrartekjur frá viðskiptavinum.....	717.133	8.374.094	0	9.091.227
Rekstrartekjur innan samstæðu.....	482.619	128.507	(611.126)	0
Rekstrartekjur samtals.....	1.199.752	8.502.601	(611.126)	9.091.227
Kostnaðarverð sölu.....	(697.450)	(7.425.208)	628.889	(7.493.769)
Vergur hagnaður.....	502.302	1.077.393	17.763	1.597.458

4. Launamál

Laun og tengd gjöld greinast þannig:

	Samstæða		Móðurfélag	
	2006	2005	2006	2005
Laun	1.525.095	1.382.657	1.329.016	1.182.626
Launatengd gjöld	315.940	316.754	270.388	268.280
	1.841.036	1.699.411	1.599.404	1.450.906
Meðalfjöldi starfa	278	321	238	280

Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda samstæðunnar á árinu 2006 námu 42,3 milljónum króna.

5. Fjármunatekjur

	Samstæða		Móðurfélag	
	2006	2005	2006	2005
Vaxtatekjur af bankareikningum	19.750	17.457	12.666	13.111
Vaxtatekjur af skuldabréfaeign	22.276	51.506	22.276	51.506
Söluhagnaður hlutabréfa	17.719	245.494	17.719	245.494
Arður af hlutabréfaeign	92	7.573	92	7.573
Gengishagnaður (tap) af eignum	262.775	(44.250)	262.413	(44.949)
Aðrar vaxtatekjur	27.480	33.665	12.580	14.923
	350.092	311.445	327.746	287.659

Skýringar

6. Fjármagnsgjöld

	Samstæða		Móðurfélag	
	2006	2005	2006	2005
Vaxtagjöld af skammtímask. við lánastofnanir	(228.457)	(14.602)	(218.246)	(15.810)
Vaxtagjöld og gengismunur af langtímaskuldum	(1.727.275)	119.431	(1.688.039)	104.212
Hagnaður (tap) af skiptasamningum	852.118	(435.944)	852.118	(436.005)
Önnur vaxtagjöld	(6.258)	(75.409)	(2.402)	(62.166)
	<u>(1.109.871)</u>	<u>(406.524)</u>	<u>(1.056.569)</u>	<u>(409.769)</u>

7. Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 16,7 milljónum króna. Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2007 nemur 2,5 milljónum króna.

8. Arður

Á árinu 2006 var arður greiddur til hluthafa. Arðgreiðslan nam 30% af hlutafé félagsins, eða kr. 510.000.000.

9. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Samstæða	Fasteignir og lóðir	Skip og fylgihlutir	Verksmiðjuvélur og tæki	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða í ársbyrjun	5.486.974	6.094.809	8.357.433	19.939.216
Eignfært á árinu	210.012	0	275.439	485.451
Selt og aflagt á árinu	(34.687)	(432.494)	(12.366)	(479.546)
Staða í árslok	<u>5.662.300</u>	<u>5.662.316</u>	<u>8.620.506</u>	<u>19.945.122</u>
Afskriftir				
Staða í ársbyrjun	2.120.612	3.790.277	5.787.504	11.698.393
Afskrift ársins	304.622	187.362	540.209	1.032.193
Selt og aflagt á árinu	(20.398)	(65.639)	(2.267)	(88.304)
Staða í árslok	<u>2.404.836</u>	<u>3.912.000</u>	<u>6.325.446</u>	<u>12.642.283</u>
Bókfært verð				
Bókfært verð í ársbyrjun	3.366.361	2.304.532	2.569.929	8.240.823
Bókfært verð í árslok	<u>3.257.463</u>	<u>1.750.315</u>	<u>2.295.060</u>	<u>7.302.839</u>
Afskriftarhlutföll	1-10%	6%	10-20%	
Móðurfélag	Fasteignir og lóðir	Skip og fylgihlutir	Verksmiðjuvélur og tæki	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða í ársbyrjun	5.383.652	5.094.639	8.164.454	18.642.745
Eignfært á árinu	210.012	0	270.678	480.690
Selt og aflagt á árinu	(7.461)	(155.362)	(10.099)	(172.922)
Staða í árslok	<u>5.586.203</u>	<u>4.939.277</u>	<u>8.425.033</u>	<u>18.950.514</u>

Skýringar

9. Varanlegir rekstrarfjármunir (framhald)

Afskriftir				
Staða í ársbyrjun	2.069.885	3.529.462	5.625.683	11.225.029
Afskrift ársins	301.531	123.489	535.589	960.609
Staða í árslok	2.371.416	3.652.950	6.161.272	12.185.638
Bókfært verð				
Bókfært verð í ársbyrjun	3.313.767	1.565.177	2.538.771	7.417.715
Bókfært verð í árslok	3.214.787	1.286.327	2.263.761	6.764.876
Afskriftarhlutföll	0-4%	6%	10-20%	

Fasteignamat og váttryggingamat eigna samstæðunnar í árslok greinist þannig:

Samstæða	<u>Fasteignamat</u>	<u>Váttrygginga- mat</u>
Fasteignir og lóðir	2.810.244	6.817.204
Skip og fylgihlutir		1.791.458
Vélar og tæki, eignatryggingar		9.612.418
Rekstrarstöðvunartrygging		1.771.466
Móðurfélag	<u>Fasteignamat</u>	<u>Váttrygginga- mat</u>
Fasteignir og lóðir	2.696.314	6.657.474
Skip og fylgihlutir		1.384.894
Vélar og tæki, eignatryggingar		9.347.011
Rekstrarstöðvunartrygging		1.694.693

10. Óefnislegar eignir

Samstæða	<u>Fiskveiði- heimildir</u>
Kostnaðarverð	
Staða í ársbyrjun.....	3.956.438
Eignfært á árinu.....	314.957
Staða í árslok.....	4.271.396
Afskriftir	
Staða í ársbyrjun.....	1.062.526
Staða í árslok.....	1.062.526
Bókfært verð	
Bókfært verð í ársbyrjun.....	2.893.912
Bókfært verð í árslok.....	3.208.869
Afskriftarhlutföll.....	0%

Skýringar

10. Óefnislegar eignir (framhald)

Fiskiskip samstæðunnar hafa til ráðstöfunar á fiskveiðiárinu sem hófst 1. september 2006, fiskveiðiheimildir sem eru um 5.907 tonn í þorskígildum af botnfiski og úthafsækju. Samstæðan hefur yfir að ráða 13,92% af úthlutuðum fiskveiðiheimildum af loðnu, fjórtán kvótum af Íslandssíld eða um 21.625 tonn, 25,22% af úthlutuðum fiskveiðiheimildum af kolmuna og 16,59% af norsk-íslenska síldarstofninum. Auk þess hefur samstæðan 762 tonn í þorskígildum af fiskveiðiheimildum utan lögsögunnar. Ónýttur hluti fiskveiðiheimildanna í lok ársins nam 3820 þorskígildistonnunum af botnfiski.

Móðurfélag	Fiskveiði- heimildir
Kostnaðarverð	
Staða í ársbyrjun.....	3.037.478
Eignfært á árinu.....	149.776
Staða í árslok.....	3.187.254
Afskriftir	
Staða í ársbyrjun.....	988.573
Staða í árslok.....	988.573
Bókfært verð	
Bókfært verð í ársbyrjun.....	2.048.905
Bókfært verð í árslok.....	2.198.681
Afskriftarhlutföll.....	0%

11. Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum

	Staður	Hlutdeild	Megin starfsemi
Eignarhlutar í dótturfélögum:			
Fóðurverksmiðjan Laxá hf.	Akureyri	66,76%	Fóðurverksmiðja
Eignarhaldsfélag Austurlands hf.	Reyðarfjörður	53,92%	Eignarhaldsfélag
Garðar Guðmundsson hf.	Ólafsfjörður	100,00%	Útgerð
SR-mjöl hf.	Reykjavík	80,00%	Sölufyrirtæki
Seley ehf.	Norðfjörður	70,00%	Eignarhald um brunnbát

Eignarhlutar samstæðunnar í hlutdeildarfélögum eru færðir í samræmi við hlutdeild félagsins í eigin fé þeirra að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeildar í eigin fé þeirra við kaup.

Ársreikningi Úthafssjávarfangs ehf. er haldið utan samstæðunnar en félagið er eignarhaldsfélag um eignarhlut í félaginu Atlantic Coast Fisheries (ACF). Helstu eignir ACF er eignarhlutur í MarLees, USA og fasteign í New Bedford, USA. Ársreikningi Fjárfestingafélags Austurlands hf. er haldið utan við samstæðuna. Félögin hafa óveruleg áhrif á samstæðuna.

Skýringar

11. Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum (framhald)

Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum:	Staður	Hlutdeild
Úthafssjávarfang ehf.....	Reykjavík	100,00%
Fjárfestingafélag Austurlands hf.....	Egilsstöðum	71,76%
Sæsifur hf.....	Neskaupstað	38,77%
Runólfur Hallfredsson ehf.....	Akranesi	38,00%
Pingey.....	Hornafirði	50,00%
East Greenland Codfish A.S.....	Grænlandi	25,00%
A.G.V. ehf.....	Hafnarfirði	25,00%
Al-álvinnsla hf.,	Reykjavík	24,77%
SR Vélaverkstæði hf.....	Siglufirði	35,01%
G. Skúlason hf.....	Neskaupstað	24,95%
Hlýri ehf.....	Neskaupstað	43,69%
Kjötkaup hf.....	Reyðarfirði	30,00%
Fjarðarnet hf.....	Neskaupstað	18,63%
Hekla á Austurlandi ehf.....	Reyðarfirði	24,34%
Samtals bókfært verð ofangreindra eignarhluta		<u>744.770</u>

12. Eignarhlutar í öðrum félögum

	Samstæða		Móðurfélag	
	2006	2005	2006	2005
Eignarhlutar í öðrum félögum	82.386	85.136	81.586	81.336

13. Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur

	Samstæða		Móðurfélag	
	2006	2005	2006	2005
Staða í ársbyrjun	190.114	49.665	190.114	49.665
Keypt á árinu	7.000	146.560	7.000	146.560
Innborganir á árinu	(12.018)	(7.405)	(12.018)	(7.405)
Verðbreytingar	18.736	1.295	18.736	1.295
Staða í árslok	203.832	190.114	203.832	190.114
Næsta árs afborgun	20.895	19.663	20.895	19.663
	<u>182.938</u>	<u>170.452</u>	<u>182.938</u>	<u>170.452</u>

14. Vörubirgðir

	Samstæða		Móðurfélag	
	31.12.2006	31.12.2005	31.12.2006	31.12.2005
Hráefni	124.874	56.532	18.913	18.913
Fullunnar vörur	1.599.109	519.716	273.211	273.211
Rekstrarvörur	38.072	52.140	46.226	46.226
Veidarfæri	207.781	194.793	147.870	147.870
	<u>1.969.836</u>	<u>823.181</u>	<u>486.220</u>	<u>486.220</u>
Tryggingaverðmæti birgða	<u>2.508.108</u>		<u>2.387.826</u>	

Skýringar

15. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur	Samstæða		Móðurfélag	
	31.12.2006	31.12.2005	31.12.2006	31.12.2005
Innlendar viðskiptakröfur	535.047	381.372	461.335	451.431
Erlendar viðskiptakröfur	1.681.612	984.558	1.647.754	748.582
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(49.565)	(48.660)	(34.000)	(20.000)
	<u>2.167.095</u>	<u>1.317.270</u>	<u>2.075.089</u>	<u>1.180.013</u>

Aðrar skammtímakröfur	Samstæða		Móðurfélag	
	31.12.2006	31.12.2005	31.12.2006	31.12.2005
Virðisaukaskattur	77.144	157.512	66.428	124.254
Fyrirframgreiddur kostnaður	207.154	1.007	207.134	977
Fjármagnstekjuskattur	6.369	10.372	5.117	9.688
Útistandandi krafa vegna sölu skips	248.509	0	0	0
Ofgreidd opinber gjöld	0	1.144	0	0
Næsta árs afborgun langtímakrafna	20.895	19.663	20.895	19.663
Áfallnir vextir langtímakrafna	482	950	482	950
Sjóðir fiskiskipa	12.791	7.400	12.791	7.400
Aðrar kröfur	4.002	103	103	103
	<u>577.344</u>	<u>198.150</u>	<u>312.949</u>	<u>163.035</u>

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

16. Eigið fé

Hlutafé greinist þannig:

	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutafé í árslok	100,00%	1.700.000
Eigin hlutir í árslok	-0,78%	(13.332)
	<u>99,22%</u>	<u>1.686.668</u>

Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í móðurfélaginu.

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2006	1.687.637	1.246.318	425.000	1.724.743	5.083.698
Keyptir eigin hlutir	(969)	(3.148)			(4.117)
Gengismunur eignarhluta				25.889	25.889
Greiddur arður				(506.151)	(506.151)
Hagnaður ársins				41.310	41.310
Eigið fé 31.12.2006	<u>1.686.668</u>	<u>1.243.170</u>	<u>425.000</u>	<u>1.285.791</u>	<u>4.640.630</u>

Skýringar

17. Langtímaskuldir

Samstæða	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2006	31.12.2005
Skuldir í USD.....	2.843.799	2.706.990
Skuldir í CHF.....	1.462.508	1.291.243
Skuldir í EUR.....	1.093.555	1.005.140
Skuldir í JPY.....	982.160	947.494
Skuldir í GBP.....	913.147	771.552
Skuldir í NOK.....	412.289	373.565
Skuldir í ISK.....	37.458	55.397
	<u>7.744.917</u>	<u>7.151.382</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(800.297)	(678.755)
	<u>6.944.620</u>	<u>6.472.628</u>

Móðurfélag	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2006	31.12.2005
Skuldir í USD.....	2.801.905	2.667.917
Skuldir í CHF.....	1.462.508	1.291.243
Skuldir í EUR.....	1.054.658	962.276
Skuldir í JPY.....	982.160	947.494
Skuldir í GBP.....	913.147	771.552
Skuldir í NOK.....	412.289	373.565
Skuldir í ISK.....	37.458	55.397
	<u>7.664.126</u>	<u>7.069.444</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(782.343)	(663.857)
	<u>6.881.783</u>	<u>6.405.587</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Samstæða	Móðurfélag
Næsta árs afborganir	800.297	782.343
Afborganir 2008.....	722.677	704.723
Afborganir 2009.....	715.814	697.861
Afborganir 2010.....	661.831	643.877
Afborganir 2011.....	593.405	584.428
Afborganir síðar	4.250.894	4.250.894
	<u>7.744.917</u>	<u>7.664.126</u>

18. Fjármálagerningar

Félagið hefur gert framvirka gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamninga í þeim tilgangi að takmarka gengis- og vaxtaáhrættu sína. Raunstaða afleiðusamninga í árslok 2006 er skuld um 253 milljónir króna og hafa þeir verið færðir til gjalda í rekstrarreikningi og skuldar meðal langtímaskulda. Samningar sem eru flokkaðir sem sjóðstreymisvörn eru færðir í rekstrarreikningi meðal rekstrartekna en samningar sem eru áhættuvörn á lánasafn eða annað eru færðir meðal fjármagnsgjalda. Í árslok 2006 nemur fjárhæð lánasafnsáhættuvarnarsamninga um 253 milljónir króna.

Skýringar

19. Lífeyrisskuldbinding

Á árinu 2006 var skuldbinding vegna eftirlaunasamninga við starfsmenn félagsins gerð upp. Verð áfallinna skuldbindinga nam þá 220 milljónum króna og með þessari greiðslu hefur félagið gert upp að fullu allar áfallnar skuldbindingar sem myndast hafa hjá Lífeyrissjóði Neskaupstaðar vegna starfsmanna félagsins, sem hafa greitt til sjóðsins. Allar breytingar sem síðar kunna að verða á reiknuðum lífeyrisskuldbindingum vegna þessara starfsmanna verða á ábyrgð sjóðsins og eru félaginu óviðkomandi.

20. Frestaður skattur

Samstæða	Reiknuð skattinneign	Tekjuskatts- skuldbinding	Samtals
Staða í ársbyrjun	(19.998)	534.795	514.797
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2006	4.511	12.924	17.436
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2007	0	(2.519)	(2.519)
Staða í árslok	(15.487)	545.200	529.714

Móðurfélag

	Tekjuskatts- skuldbinding
Staða í ársbyrjun.....	463.751
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2006.....	20.427
Staða í árslok	484.178

Frestaður skattur skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

	Samstæða	Móðurfélag
Varanlegir rekstrarfjármunir	402.566	364.621
Óefnislegar eignir	189.016	201.190
Eignarhlutar í félögum	(47.270)	(48.612)
Aðrir liðir	34.256	33.382
Frestaður söluhagnaður	51.552	0
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi	(100.406)	(66.404)
	529.714	484.178

Yfirfæranlegt skattalegt tap nýtist til frádráttar skattalegum hagnaði sem hér segir:

	Samstæða	Móðurfélag
Frá hagnaði árána 2006-2015	100.406	66.404
	100.406	66.404

Skýringar

21. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir	Samstæða		Móðurfélag	
	31.12.2006	31.12.2005	31.12.2006	31.12.2005
Innlendar viðskiptaskuldir	616.009	495.720	569.145	337.278
Erlendar viðskiptaskuldir	191.217	51.838	184.931	51.838
	<u>807.226</u>	<u>547.558</u>	<u>754.076</u>	<u>389.115</u>

Aðrar skammtímaskuldir	Samstæða		Móðurfélag	
	31.12.2006	31.12.2005	31.12.2006	31.12.2005
Virðisaukaskattur	30.987	7.519	0	0
Ógreidd opinber gjöld	0	2.459	0	0
Ógreidd laun og launatengd gjöld	114.745	94.565	98.258	82.622
Ógreiddir áfallnir vextir	127.081	73.968	125.357	72.385
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur	52.245	51.387	51.024	51.024
Aðrar skuldir	152.466	183.743	151.951	177.276
	<u>477.522</u>	<u>413.642</u>	<u>426.590</u>	<u>383.306</u>

Næsta árs afborganir langtímaskulda	Samstæða		Móðurfélag	
	31.12.2006	31.12.2005	31.12.2006	31.12.2005
Skuldir við lánastofnanir	800.297	678.755	782.343	663.857
	<u>800.297</u>	<u>678.755</u>	<u>782.343</u>	<u>663.857</u>

22. Ábyrgðir og önnur mál

Ábyrgðir skulda utan efnahagsreiknings vegna þriðja aðila nema alls um 156,13 milljónum króna þar sem Síldarvinnslan hf. hefur gengist í sjálfskuldaábyrgð gagnvart lánum sem Íslandsbanki hefur lánað Atlantic Coast Fisheries Corporation, félags í eigu dótturfélags Síldarvinnslunnar hf., Úthafssjávarfangs ehf., nú að eftirstöðvum 1,5 milljónum USD. Þessi lán eru með veði í fasteignum, vélum og tækjum, birgðum og útstandandi kröfum Atlantic Coast Fisheries Corporation. Auk þessarar ábyrgðar hefur Síldarvinnslan hf. gengist í sjálfskuldaábyrgð fyrir lánum Skeggeyjar ehf. að fjárhæð 50 milljónir króna en félagið er dótturfélag að fullu í eigu hlutdeildarfélagins Þingeyjar ehf.

Hluti gamla frystihúss félagsins að Strandgötu 77, Neskaupstað brann hinn 8. desember 2001 ásamt umbúðalager og tækjum. Nýlega féll dómur í héraðsdómi þar sem leigutakar fasteignarinnar voru dæmdir til að greiða Síldarvinnslunni hf. 122 milljónir króna með dráttarvöxtum, þar af hafa greiðst 14 milljónir króna. Ekkert hefur verið tekjufært í rekstrarreikningi vegna þessa dóms. Þar sem krafan hefur ekki fengist greidd úr hendi leigutaka hefur mál nú verið þingfest á hendur Sjóvá-Almennum tryggingum hf. til greiðslu þeirra bótakrafna sem leigutakar höfðu áður verið dæmdir til að greiða. Leigutaki var með gilda ábyrgðatryggingu hjá því félagi en ágreiningur hefur verið á milli aðila um hvort tryggingin taki til þess tjóns sem var í brunanum.

Á eignum móðurfélagsins hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum félagsins, sem voru að eftirstöðvum 10.456 milljónir króna. Félagið hefur að auki lánað hlutdeildarfélaginu Sæsilsfri ehf. veð í fasteignum félagsins, sem voru að eftirstöðvum 37,9 milljónir króna í árslok 2006.

Skýringar

23. Kennitölur samstæðu

Úr rekstrarreikningi	2006	2005	
Arðsemi			
Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA)	1.996.801	1.632.154	
a) Framlegðarhlutfall rekstrar	0,22	0,22	
b) Hagnaðarhlutfall	0,45%	5,69%	
c) Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutfjár (EPS)	0,02	0,24	
d) Arðsemi eigin fjár	0,87%	8,53%	
a) EBITDA/rekstrartekjur		b) Hagnaður ársins/rekstrartekjur	
c) Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutfjár (EPS)		d) Hagnaður/meðalstaða eigin fjár	
Úr efnahagsreikningi	31.12.2006	31.12.2005	
Nýting fjármagns			
e) Fjárbinding í birgðum	0,22	0,11	
f) Veltuhraði eigna	0,36	0,30	
g) Veltuhraði birgða	3,16	4,41	
h) Veltuhraði viðskiptakrafna	8,44	8,20	
e) Birgðir/rekstrartekjur		g) KSV/meðalstaða birgða	
f) Rekstrartekjur/meðalstaða heildareigna		h) Rekstrartekjur/meðalstaða viðskiptakrafna	
	31.12.2006	31.12.2005	
Greiðsluhæfi			
i) Lausafjárhlutfall	0,81	0,97	
j) Veltufjárhlutfall	1,20	1,33	
i) Veltufjármunir án birgða/skammtímaskuldir		j) Veltufjármunir/skammtímaskuldir	
Fjárhagslegur styrkur			
k) Eiginfjárhlutfall	26%	33%	
l) Innra virði hlutfjár	2,75	3,01	
k) Eigið fé/heildarfjármagn		l) Eigið fé/hlutfé	
Rekstrargjöld sem hlutfall af rekstrartekjum	2006	2005	Breyting
Kostnaðarverð sölu/rekstrartekjur	82,49%	83,56%	-1,07%
Útflutningskostnaður/rekstrartekjur	5,51%	8,29%	-2,78%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður/rekstrartekjur	2,22%	3,15%	-0,93%
Annar rekstrarkostnaður/rekstrartekjur	1,25%	2,02%	-0,76%
Rekstrargjöld/rekstrartekjur	-71,92%	-72,34%	0,42%

Skýringar

24. Sjóðstreymisyfirlit

Samstæða	2006	2005	2004
Hagnaður ársins.....	41.310	413.280	932.319
Afskriftir.....	1.044.503	817.016	1.278.765
Reiknaðir fjármagnsliðir.....	1.265.699	(456.934)	(1.191.333)
Aðrar breytingar.....	(457.473)	352.206	282.568
Hreint veltufé frá rekstri	1.894.038	1.125.568	1.302.319
Breyting á:			
Rekstrartengdum eignum.....	(2.018.931)	305.786	1.262.590
Rekstrartengdum skuldum.....	206.944	(367.277)	(16.320)
Handbært fé frá rekstri	82.051	1.064.077	2.548.589
Móðurfélag	2006	2005	2004
Hagnaður ársins.....	41.310	413.280	932.319
Afskriftir.....	960.609	748.859	1.149.978
Reiknaðir fjármagnsliðir.....	1.264.623	(424.168)	(1.141.168)
Aðrar breytingar.....	(414.258)	336.911	295.398
Hreint veltufé frá rekstri	1.852.284	1.074.882	1.236.527
Breyting á:			
Rekstrartengdum eignum.....	(2.341.634)	252.134	962.283
Rekstrartengdum skuldum.....	408.245	(90.342)	207.922
Handbært fé frá rekstri	(81.106)	1.236.674	2.406.732